



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

5. árg. 8. tölublað. Nóvember 2011.

EFNI:

Heilbrigðis-
upplýsingasvið —
Miðstöð heilbrigðis-
upplýsinga

bls.
1

Ófrjósemisaðgerðir
2010

bls.
2

HEILBRIGÐISUPPLÝSINGASVIÐ – MIÐSTÖÐ HEILBRIGÐISUPPLÝSINGA

Nýlega tók gildi nýtt skipurit fyrir Embætti landlæknis. Því er ætlað að endurspeglar útvíkkað hlutverk embættisins eftir að Lýðheilsustöð var sameinuð embættinu með lögum sem tóku gildi 1. maí 2011.

Samkvæmt nýja skipuritinu skiptist starfsemin í fimm svið auk skrifstofu landlæknis. Fjögur sviðanna hafa með höndum þau faglegu verkefni sem löggin kveða á um, en fimmta sviðið er

stoðsvið sem þjónar verkefnum fyrir allt embættið. Heilbrigðisupplýsingasvið er eitt af fagsviðunum fjórum og sinnir verkefnum sem áður tilheyrðu heilbrigðistöfræðisviði Landlæknisembættisins og rannsókn- og þróunarsviði Lýðheilsustöðvar.

Í lögum um Embætti landlæknis er kveðið á um það hlutverk embættisins að vera

Framh. bls. 2

Heilbrigðisupplýsingasvið

Miðstöð heilbrigðisupplýsinga, rannsókna og tæknilausna

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.
Anna Björg Aradóttir
Svanhildur Þorsteinsdóttir


Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS
HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.



Í lögum um Embætti landlæknis er kveðið á um það hlutverk embættisins að vera nokkurs konar miðstöð heilbrigðisupplýsinga á Íslandi.

Árið 2010 var hlutfall þeirra karla sem fóru í ófrjósemisaðgerðir komið upp í 72% en hlutfall kvenna niður í 28%.

nokkurs konar miðstöð heilbrigðisupplýsinga sem aflar, greinir og miðlar upplýsingum um heilsufar og heilbrigðisþjónustu.

Í ljósi þessa hlutverks og sameiningar stofnananna tveggja fer nú fram gagnger endurskoðun á starfi heilbrigðisupplýsingasviðs embættisins að því er varðar umsýslu heilbrigðisskráa, gagnaöflun og -vinnslu sem og miðlun upplýsinga. Endurskoðunin hefur það m.a. að markmiði að efla gæði upplýsinga og auka afköst með því að nýta betur sérþekkingu starfsfólks og efla samhæfingu og samvinnu.

Við þessa vinnu er byggt á víðtækri þekkingu starfsfólksins á þörfum samfélagsins fyrir heilbrigðisupplýsingar, þarfagreiningu sem fram fór í aðdraganda sameiningar Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar og á samtölum við helstu hagsmunaaðila.

Með þeirri framtíðarsýn sem nú er í mótun er leitast við að uppfylla enn betur ákvæði í nýju lögnum um skyldur embættisins til að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustunni og tryggja gæði hennar, meta árangur þjónustunnar og skila stjórnvöldum upplýsingum til þess að byggja stefnumótun sína á.

Verkefnum sviðsins má skipta í fjóra meginflokka, sbr. mynd á bls. 1.

Á heilbrigðisupplýsingasviði starfa 12 sérfræðingar með mikla reynslu á sviði heilbrigðisupplýsinga. eru þeir með margvíslega menntun, s.s. félagsfræði, mannfærði, lýðheilsuvísindi, heilsulandfræði, læknisfræði, kerfisfræði og tölvunarfræði.

Sigríður Haraldsdóttir,
sviðsstjóri

ÓFRJÓSEMISAÐGERÐIR 2010

Það vakti athygli á dögnum þegar borgarstjórnin í Reykjavík gerði ófrjósemisaðgerðir að umfjöllunarefni vegna umtalsverðar fjölgunar barna í borginni. „Ófrjósemisaðgerðir eða svokallaðar „herra-klippingar“ eru bæði hagkvæmur og þægilegur valkostur fyrir karlmenn“ sagði Jón Gnarr þegar fjárhagsáætlun borgarinnar var lögð fram.

Embætti landlæknis heldur skrá yfir ófrjósemisaðgerðir á grundvelli laga nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Árið 2010 gekkst 571 einstaklingur undir ófrjósemisaðgerð

hér á landi, 162 konur og 409 karlar. Til samanburðar voru framkvæmdar 512 ófrjósemisaðgerðir á árinu 2009 og varð því nærri 12% fjölgun á aðgerðum milli ára.

Bilið milli kynjanna breikkar

Undanfarinn áratug hefur orðið algjör viðsnúningur á hlutfalli karla og kvenna sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir. Árið 2000 voru karlar ríflega 32% þeirra sem fóru í slíka aðgerð en konur tæplega 68%. Árið 2010 var hins vegar hlutfall þeirra karla sem fóru í ófrjósemisaðgerðir komið

upp í 72% en hlutfall kvenna niður í 28%. Það hefur því ekki einungis orðið viðsnúningur á kynjahlutfalli hvað varðar fjölda ófrjósemisaðgerða heldur er þetta bil á milli kynjanna enn að aukast.

Líkleg ástæða þessa viðsnúnings er meðal annars aukin þekking almennings á aðgerðunum og minni fordómar. Menn gera sér betur grein fyrir því nú hversu lítil aðgerð þetta er í raun og veru fyrir karlmenn. Ófrjósemisaðgerðir á konum eru flóknari og þær eru lengur að jafna sig.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ófrjósemisaðgerðir 2000-2010

